



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÞEKKING ÍSLENDINGA Í ÞÁGU ÞRÓUNARLANDA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær 7. desember ræðu við setningu þings Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNIDO, sem haldið er í Vínarborg. Kandeh K. Yumkella framkvæmdastjóri UNIDO bauð forseta Íslands að sækja þingið og kynna árangur og þekkingu Íslendinga á sviði hreinnar orkunýtingar, hvernig sú tækni og reynsla getur nýst þróunarríkjunum í baráttu þeirra við fátækt og fyrir efnahagslegum framförum.

Þingið sækja fulltrúar um 170 ríkja, meðal annars forsætisráðherrar Keníu og Tansaníu, en í þeim löndum eru verulegar jarðhitaauðlindir, sem og ráðherrar margra annarra ríkja, stjórnendur ríkjabandalaga í Afríku og Asíu og fulltrúar ýmissa alþjóðastofnana.

Í ræðu sinni rakti forseti Íslands hvernig nýting jarðhita, sólar- og vindorku gæti gagnast þróunarlöndunum á hagkvæman hátt þar eð sníða mætti umfang orkuframkvæmda að þörfinni á hverjum tíma, að hagsmunum þorpa og lítilla byggða sem og stórborga. Þá lýsti forseti árangri Íslendinga á þessu sviði og merku starfi Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem nú hefur menntað hátt í 400 sérfræðinga frá rúmlega 30 þróunarlöndum.

Forseti nefndi einnig hvernig nýting á jarðhita og vatnsorku hefði styrkt efnahagslíf Íslendinga á undanförunum áratugum. Heimili og fyrirtæki byggju við lægra orkuverð en víðast hvar í veröldinni og þessi árangur hefði auðveldað Íslendingum að glíma við efnahagsferfiðleikana

sem fylgdu falli bankanna og gæti orðið meginstoð þeirrar uppbyggingar sem myndi gera Íslendingum kleift að styrkja efnahagslíf og velferð þjóðarinnar á ný.

Forseti átti einnig viðræður í Vínarborg við Yumkella framkvæmdastjóra UNIDO og bauð honum að koma í kynningarheimsókn til Íslands. Þá átti forseti viðræður við ýmsa forystumenn aðra sem sækja ársþingið.

8. desember 2009.

Ræðu forseta má nálgast á heimasíðu embættisins, sem og myndir frá þinginu í Vínarborg.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).